



Þingfundargerð 29. ársþings Keilusambands Íslands 22. maí 2022 hjá Íþróttafélagi

Reykjavíkur Skógarseli 12, 109 Reykjavík.

1. Þingsetning.

Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) setur þingið kl: 12:15.

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

JÁJ tilnefnir Hafstein Pálsson (HP) sem þingforseta og Valgerði Rún Benediktsdóttur (VRB) sem þingritara og voru þau samþykkt samhljóða. Þingforseti tók við stjórn þingsins og spurði hvort að einhverjar athugasemdir væru við boðun þingsins. Svo var ekki og þingið lýst löglega boðað.

3. Kosnar fastanefndir

Gengið var til kosninga í nefndir og voru þær þannig skipaðar:

a. Kjörbréfanefnd.

- Jónína B. Magnúsdóttir KFA
- Ásgrímur Helgi Einarsson KFR
- Unnar Óli Þórssón ÍR

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

b. Fjárhagsnefnd.

- Halldóra Íris Ingvarsdóttir ÍR
- Vilhelm Einarsson KFR
- Gunnar Þór Ásgeirsson ÍR

c. Laga- og leikreglanefnd.

- Ekki þörf á að nefndin taki til starfa og því ekki kosið í hana.

d. Allsherjarnefnd.

- Geirdís Hanna Kristjánsdóttir ÍR
- Guðjón Júlíusson KFR
- Ásgrímur Helgi Einarsson KFR

e. Kjörnefnd.

- Valgerður Rún Benediktsdóttir ÍR
- Guðmundur Sigurðsson ÍA
- Gústaf Smári Björnsson KFR

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

JÁJ bendir á það nýmæli að nú eru gögn þingsins að öllu rafræn og aðgengileg á heimasíðu KLÍ. Þakkar ÍR fyrir að hýsa þingið í ár.

JÁJ fer yfir skýrslu ársins þar sem tíunduð eru verkefni liðins tímabils (sjá nánar í [ársskýrslu](#)). Nefnir sérstaklega að KLÍ sé 30 ára á árinu. Þá hafi stjórn samþykkt siðareglur sem verða til umfjöllunar síðar á þinginu. Einnig ánægjulegt að árangur Arnars Davíðs 2019 er enn þá að skila fyrir keiluna bæði héraendis og erlendis. Þá stóð KLÍ fyrir því að halda EBF Level II námskeið sem heppnaðist vel og fjölgaði mjög þjálfurum með þá gráðu á landinu. Þá var loks eftir tvö ár samkomutakmarkanna hægt að halda gott lokahóf sem afrekshópur KLÍ sá um og heppnaðist það einkar vel.

JÁJ bendir á að sambandið megi muna fífil sinn fegurri. Í byrjun starfseminnar var kannski eðli málsins samkvæmt mikið nýjabrum og fólk lét mikið að sér kveða. Í dag er vandamál að manna þau verkefni sem sinna þarf og mál þokast lítið áfram. Margt sem kemur til eins og fækkun sjálfbæðaliða almennt en einnig andinn í hópnum, verðum að taka á því saman að bæta hann. Hafa hugfast að stjórn og nefndir KLÍ vinna eftir lögum og reglum og þær ákvarðanir ekki teknar af persónulegum hvötum. Verðum að bera virðingu fyrir starfinu og þeim ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli samþykktara reglna. JÁJ er sannfærður um að stutt sé í bættu aðstöðu. Hins vegar þurfi keilan að setja sér framtíðarsýn sem félagskapur, bæði til lengri og skemmri tíma því tækifærin eru þarna úti.

Að lokum þakkar JÁJ fyrir sig en fyrir liggur að hann mun ekki gefa kost á sér áfram sem formaður. Þakkar einnig stjórnarmönnum síðustu ára, starfsfólki KLÍ, nefndarfólki, félögnum og þingforsetar fyrir að stýra ársþingum öll þessi ár. Þá óskar JÁJ komandi stjórn velfarnaðar.

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.

Í fjarveru gjaldkera fór Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) framkvæmda- og íþróttastjóri KLÍ yfir ársreikning. Rekstrartekjur voru rúmlega 30,5 milljónir, rekstrargjöld tæplega 28,5 milljónir og rekstrarafgangur tæpar 2,3 milljónir. Eigið fé og skuldir eru um 28,6 milljónir (sjá nánar í ársskýrslu).

Því næst bauð þingforseti kjörbréfanefnd að fara yfir niðurstöður nefndarinnar. Öll kjörbréf eru að mati nefndarinnar gild. 32 aðilar eiga rétt til setu á þinginu en mættir eru 26 þingfulltrúar. Þingforseti spyr hvort að gerðar séu athugasemdir við niðurstöðu nefndarinnar. Svo var ekki.

Þá tekur við umræða um skýrslu stjórnar og ársreikning og fyrstur til að taka til máls er Andri Stefánsson (AS) framkvæmdastjóri ÍSÍ:

AS flytur kveðjur frá framkvæmdastjórn og starfsfólki ÍSÍ. Hlutverk ÍSÍ er að fylgjast með og styðja við aðildarsamtökin. Sé það skýrt að þar sem er eining um starfið þar er starfið að skila árangri. Aðstöðumálin erfið fyrir keiluna og þar þarf að berjast áfram fyrir bættri aðstöðu. Fer yfir hversu erfitt íþróttastarf hefur verið undanfarin ár á tímum Covid en það leiddi líka í ljós mikilvægi íþróttastarfs sem er nú mikið í umræðunni. Þá hafa stjórnvöld stutt

Íþróttahreyfinguna og jákvætt að sjá að sambandið sé að skila hagnaði. Mikið hefur verið rætt um ofbeldismál innan íþróttahreyfingarinnar og allskonar vinna í gangi. Málum hefur farið fjölgandi hjá samskiptaráðgjafa og verið er að vinna í að laga regluverk. Það er hins vegar flókið að búa til eina reglu sem nær yfir öll tilvik þar sem þau geta verið mjög misjöfn. Það þarf hins vegar að vernda sjálfboðaliða hreyfingarinnar svo að þeir séu með skýrar reglur til að fylgja þegar erfið mál koma upp.

Bendir á hvað keilan hefur upp á margt að bjóða. Mikil áhersla á lýðheilsu og þar hefur keilan mikla möguleika til að sækja á.

Innan ÍSÍ er verið að vinna að fjölmörgum verkefnum. Nefnir t.d. verkefnið fyrirmyndafélög og íþróttaviku Evrópu sem er vettvangur til að kynna íþróttagreinar. Þá mun ÍSÍ vera aðili að átaki varðandi lýðheilsu. ÍSÍ úthlutar einnig styrkjum til afreksmála en þar er mikilvægt að klára verkefni því ef það er ekki gert þurfa samböndin að greiða til baka eins og dæmi er um í ársreikningi KLÍ.

Varðandi aðstöðumál þá hefur verið mikil umræða um þjóðarleikvanga. Mikilvægt fyrir keiluna að vakta þau verkefni og kanna hvort að hægt sé að koma keilunni fyrir inn í slíkum mannvirkjum.

ÍSÍ og KLÍ hafa átt gott samstarf og þakkar AS kærlega fyrir það. Óskar komandi stjórn til hamingju og óskar áfram eftir góðu samstarfi.

PMP vekur athygli á umfjöllun í ársskýrslu um aldurs- og kynjaskiptingu keiluiðkenda. Árið 2018 eru iðkendur undir 18 ára 74 talsins en eru 32 árið 2021. Þá er mest fjölgun í 50+ aldurshópnum. Er áhyggjuefni og hvetur félögin til að taka sig saman og gera átak.

Gunnar Þór Ásgeirsson spyr um brautarleigu og hvað KLÍ er að greiða til Egilshallarinnar. JÁJ fer yfir að ÍTR greiði ca 32 milljónir á ári til Egilshallarinnar sem dekkar allar keppnir á vegum KLÍ. Brautarleiga sé 5150 kr. Gústaf Smári Björnsson bendir á að með því framlagi væri ekki lengi gert að borga upp keilubrautir í nýjan sal. JÁJ fer yfir að miðað við þær rekstraráætlanir sem settar hafa verið upp fyrir keilusal þá væri ÍTR að borga minna fyrir keiluna í nýjum sal en nú er. Bendir einnig á nýlega grein á vef KLÍ um aðstöðumál þar sem nánar er farið yfir hvernig þau standa. Víða mikill áhugi en að endingu er það pólitíkin sem tekur ákvörðun. Þingforseti ber ársskýrslu upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

JÁJ fer yfir fjárhagsáætlun ([þingskjal 1](#)) í fjarveru gjaldkera. Var henni vísað til fjárhagsnefndar til frekari umræðu.

7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.

Engar laga- eða leikreglnabreytingar liggja fyrir þinginu og féll þessi liður niður.

8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

8.1. Siðareglur KLÍ ([þingskjal 2](#))

JÁJ fer yfir að stjórn KLÍ hefur afgreitt siðareglur fyrir sambandið. Aukin krafa um gott siðferði í samfélaginu og innan íþróttahreyfingarinnar. Aga- og úrskurðanefnd hefur takmarkaða

möguleika til að taka á málum í dag. Lagt er til að þingið samþykki siðareglurnar til að gefa þeim aukið vægi. Málinu vísað til allsherjarnefndar til umfjöllunar.

8.2. *Blönduð lið* (þingskjal 3 – [tillaga](#) – [greinargerð](#))

PMP fer yfir hugmynd um blönduð lið þar sem konum er heimiluð þátttaka í neðri deildum karla. Hugmyndin er að sænskri og finnskri fyrirmynd og ætlað ýta undir kvennastarf og auka virðingu gagnvart kvenkyns keilurum. Málinu vísað til allsherjarnefndar til umfjöllunar.

8.3. *Breytingar á reglum um keppnir barna og ungmenna* ([þingskjal 4](#), [þingskjal 4 b](#), [þingskjal 5](#))

PMP fer yfir hugmyndir að breytingum á reglugerðum er varða keppnir barna og ungmenna. Markmiðið að samræma flokkaskiptingu milli keppna, að flokkaskipting fylgi bekkjarárgöngum og miðist við 1. júlí.

Þá eru lagðar til breytingar á Íslandsmóti unglíngaliða þannig að aldursbilið sé ekki 5. – 10. bekkur þar sem líkamlegur getumunur er of mikill. Annað hvort verði um að ræða 8. liða deild eða að keppni falli niður. Málinu vísað til allsherjarnefndar til umfjöllunar.

ÞINGHLÉ

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

9.1. Allsherjarnefnd

Ásgrímur Helgi Einarsson (ÁHE) gerir grein fyrir niðurstöðum allsherjarnefndar.

9.1.1. *Siðareglur KLÍ*

Allsherjarnefnd leggur til að fyrirbyggjandi siðareglur verði samþykktar en því verði vísað til stjórnar að skoða hvort að gera þurfi breytingar á reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd m.t.t. viðurlaga við brotum á siðareglum. Tillagan samþykkt samhljóða.

9.1.2. *Blönduð lið*

MR fer yfir að töluverð umræða hafi orðið í nefndinni. Nefndin sammála um að margt þurfi að skýra t.d. reglur um vensl og forgjöf. Allsherjarnefnd leggur til að málinu verði vísað til stjórnar og henni falið að koma með fullmótaða tillögu fyrir næsta ársþing. Tillagan samþykkt samhljóða.

9.1.3. *Breytingar á reglugerðum um keppnir barna og unglíngna.*

9.1.3.1. Breytingar á Íslandsmóti unglíngaliða

Varðandi fyrirhugaðar breytingar á Íslandsmóti unglíngaliða þá tekur nefndin undir að aldursbilið sé of mikið en að ekki sé gott að fella mótið niður. Allsherjarnefnd leggur til að málinu verði vísað til stjórnar sem klári nýtt fyrirkomulag sem geti tekið gildi í haust.

JÁJ bendir á að eðlilegt sé að stjórn vísi málinu til unglínganefndar.

Jónína B. Magnúsdóttir formaður unglínganefndar leggur áherslu á mikilvægi þess að skoða þessi mál. Tekur undir með nefndinni að ekki sé skynsamlegt að fella keppni niður. Frekar finna nýtt fyrirkomulag, jafnvel tvískipta í yngri og eldri.

Guðjón Júlíusson tekur undir með Jónínu að ekki sé skynsamlegt að fella keppni niður en að getubilið sé of mikið í núverandi fyrirkomulagi.

Tillaga allsherjarnefndar um að vísa málinu áfram til stjórnar samþykkt samhljóða.

9.1.3.2. Breytingar á reglugerð um Íslandsmet í keilu

Hvað varðar tillögu um að flokkaskipting fylgi bekkjarárgöngum þegar kemur að skráningu Íslandsmeta í keilu þá leggur allsherjarnefnd til að hún miðist við fæðingarár og að færsla milli flokka sé 1. júlí.

Bent var á að alþjóðlegar reglur miði við 1. september og skynsamlegt sé að miða við það einnig.

Tillaga um að miða við fæðingarár samþykkt samhljóða.

Tillaga um að vísa því til stjórnar að samræma dagsetningar samþykkt samhljóða.

9.1.3.3. Breytingar á flokkaskiptingu

Hvað varðar tillögu um nýja flokkaskiptingu í meistarakeppni ungmenna leggur allsherjarnefnd til að flokkum verði breytt þannig að stjórnuflokkur verði efstur og svo 1. – 6. flokkur. Þá miði flokkaskipting við fæðingarár en ekki bekkjarárganga og því verði vísað til stjórnar að samræma dagsetningar um færslur milli flokka.

Tillagan samþykkt samhljóða.

9.2. *Fjárhagsnefnd*

Að mati fjárhagsnefndar er kostnaður vegna móta vanátlaður. Nefndin leggur til að liðurinn „Kostnaður vegna móta erlendis og afrekshópa“ fyrir árið 2022 hækki um 1 m.k. og verði þá 18.111.865 kr. Þá verði liðurinn „Fjármagnsliðir nettó“ – 430.000 kr.

Endurskoðuð áætlun fyrir 2022 var samþykkt samhljóða.

Þá lagði fjárhagsnefnd til að liðurinn „Fjármagnsliðir nettó“ í áætlun 2023 yrði – 920.000 kr.

Endurskoðuð áætlun fyrir 2023 samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

10.1. *Heiðursviðurkenning*

Magnús Reynisson úr KR var sæmdur Silfurmerki KLÍ fyrir störf hans í þágu keilusamfélagsins. Magnús hefur setið í stjórn og nefndum KLÍ sem og sinnt störfum í félagi sínu. Er hann því virkilega vel að þessum heiðri kominn að vera sæmdur Silfurmerki sambandsins í ár.

10.2. *Mótaumsjón*

Valgerður Rún Benediktsdóttir formaður keiludeildar ÍR hvetur stjórn til að skýra utanumhald um mótaumsjón. Mikilvægt sé að þeir sjálfboðaliðar sem gefa sig í það verkefni hafi skýrar reglur um mótið, ekki bara fyrirkomulag þess skv. reglugerðum heldur einnig upplýsingar um t.d. olúburð, færslu milli setta, upphitun fyrir úrslit o.s.fv.

11. Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á íþróttaping ÍSí.

11.1. Kosning formanns til tveggja ára

Fyrir lá framboð Jónu Guðrúnar Kristinsdóttur til formanns.

Ekkert mótframboð kom og var hún því sjálfkjörin.

11.2. Kosið um varamann til eins árs

Fyrir lá framboð Guðmundar Sigurðssonar

Ekkert mótframboð kom og var hann því sjálfkjörinn.

11.3. Kosið um tvo aðalmenn til tveggja ára

Fyrir lágu framboð Gunnars Þórs Ásgeirssonar og Vilhelms Einarssonar.

Engin mótframboð komu og voru þeir því sjálfkjörnir.

11.4. Kosið um þrjá varamenn til eins árs

Fyrir lágu eftirfarandi framboð:

Fyrsti varamaður – Helga Hákonardóttir

Annar varamaður – Guðjón Júlíusson

Þriðji varamaður – Svavar Þór Einarsson

Engin mótframboð bárust og voru þau því sjálfkjörin.

12. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.

Fyrir lágu eftirfarandi framboð:

Aðalmenn: Jóhann Ágúst Jóhannsson og Ásgrímur Helgi Einarsson

Varamenn: Pétur Helgason og Hjalti Ásbjarnstsson

Engin mótframboð bárust og voru þeir því sjálfkjörnir.

13. Þingslit.

Þingforseti bauð nýjum formanni að taka til máls. Jóna Guðrún (JG) þakkar góðan meðbyr síðustu daga en hún þurfti að taka hratt ákvörðun þegar stjórn KFR leitaði til hennar um að bjóða sig fram sem formann. Hefur ekki gefist tími til að fara yfir helstu málefni sökum þess hve þetta bar brátt að en aðstöðumálin og að fjölga börnum og unglingum með brýnustu málunum. JG fer yfir að hún sé gift keilara, eigi fjögur börn og þar af tvö þeirra sem æfa keilu. Er viðskiptafræðingur með meistaragráðu í forystu og stjórnun. Vinnur sem verkefnastjóri hjá Byko og stýrir þar stefnumótandi verkefnum m.a. við að bæta heildarupplifun viðskiptavina. Leggur sérstaka áherslu á samvinnu og vill taka það með sér inn í þessa vinnu og stuðla að samtali og samvinnu. Hefur reynt af stjórnarstörfum hjá KFR og er þar að auki í barna- og unglingaráði knattspyrnudeildar Aftureldingar. Þakkar að lokum fráfarandi formanni og stjórn fyrir vel unnin störf.

Fyrir hönd starfsmanna þingsins þakkar forseti þingmönnum fyrir samstarfið sem var gott eins og endra nær, óskar nýjum formanni og stjórn velfarnaðar og slítur þinginu.